

Virðulega skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd.

Við ritum þetta fyrir hönd Knattspyrnufélagsins Harðar vegna úthlutunar í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar veturinn 2024-2025 en sú tímaúthlutun var að mati félagsins ekki unnin rétt, ekki unnin í samræmi við stjórnsýslulög og aðilar viku ekki af fundum þrátt fyrir skýr hagsmunatengsl.

Vegna þessa vil félagið koma á framfæri athugasemdum vegna umræddrar úthlutunar. Mun félagið koma á framfæri nokkrum atriðum er varða úthlutunina og vinnubrögðin sem voru viðhöfð.

Áður hefur félagið nefnt nokkra hluti sem voru ekki unnir rétt.

- A) Til samráðsfundar var boðað með 48 mínútna fyrirvara af hálfu bæjarins
- B) Úthlutun var gerð einhliða af starfsmanni með tengsl við eina íþróttagrein en sá starfsmaður hefur látið í ljós óþol sitt gagnvart forráðafólki Harðar og félaginu ítrekað á udnanförnum árum.
- C) Ein deild fékk fjölda tíma aukalega en sú deild býr við það að formaður deildarinnar er eiginmaður sviðsstjóra skóla-, íþrótt- og tómstundasviðs. Bréfum þar sem bent var á mögulegt vanhæfi hefur ekki verið svarað.
- D) Óskað var eftir fundi með skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd. Því var ekki svarað og var raunar rangt greint frá að engin gögn hefðu borist til nefndarinnar.
- E) Skráning gagna málsins var stórlega ábótavant.
- F) Þegar kvartað var undan starfsmanni skóla-, íþrótt- og tómstundasviðs þá sat umræddur starfsmaður fundinn.
- G) Bæjarstjóri hefur sagt að málinu sé lokið og neitað að svara erindum.
- H) Starfsmaður skóla-, íþrótt- og tómstundasvið reyndi að koma í veg fyrir að stjórnarmenn Harðar kæmu á fund með því að segja eingöngu formenn velkomna á fundinn þrátt fyrir að hún vissi fullvel að aðrir en formenn væru á fundinum.
- I) Starfsmaður skóla-, íþrótt- og tómstundasviðs hafði seinni úthlutunarfundinn eingöngu rafrænan þrátt fyrir að allir fundarmenn væru á Ísafirði.
- J) Bæjarstjórn neitaði að hitta forráðamenn félagsins þrátt fyrir að beðið væri um fund. Það er ekki oft sem bæjarstjórnir neita að hita sjálfboðaliða sem vinna að æskulýðsstörfum en svo virðist vera í þessu tilfalli.

Fleira má telja til. Starf Harðar hefur beðið skaða af þessari framkomu sveitarfélagsins og ljóst er að það munu verða eftirmálar því félaginu er nauðsynlegt að fá æfingatíma fyrir börn sem vilja æfa.

Sveitarfélagið hefur ekki komið með neinar tillögur að lausnum og hefur að jafnaði ekki svarað neinum erindum félagsins.

Félagið vil, þrátt fyrir takmarkaðan samningsvilja sveitarfélagsins til þessa, leita til nefndarinnar til að vinna að lausn með félaginu. Við breytingu æfingatöflu á Torfnesi þetta árið var öllum tímum breytt úr 50 mínútum í 60 mínútur án nokkur samráðs við félögin. Þessi breyting gerir það að verkum að milli kl 16 og 21 á hverjum degi eru núna 5 bil í íþróttahúsinu.

Með því að breyta tímum aftur úr 60 í 50 mínútur frá kl 15.50 á daginn til kl 20.50 mætti fjölga einu æfingabili alla virka daga í íþróttahúsinu.

Þannig gæti félagið sinnt þeim börnum sem vilja stunda íþróttina án þess að það komi niður á öðrum.

Tillaga félagsins til nefndarinnar er þessi - til að skapa vinnufrið í íþróttalífi bæjarins og hjá félaginu.

- 1) Sá tími sem er núna 15.50 - 16.50 verður 15.50-16.40.
- 2) Tími sem er núna 16.50-17.50 - verður 16.40-17.30
- 3) Tími sem er núna 17.50-18.50 - verður 17.30-18.20
- 4) Tími sem er núna 18.50-19.50 - verður 18.20-19.10
- 5) Tími sem er núna 19.50-20.50 - verður 19.10-20.00
  
- 6) Þessar tilfærslur gera það að verkum að aukalega verður til tími kl 20.00-20.50
  
- 7) Eftirtaldar tillögur eru gerðar:
  - a) Tímar á mánudögum - færast allir aftur um einn og verða í stað 15.50-21.00 frá 16.40-21. Auka tími milli 15.50 og 16.40 úthlutast til handbolta.
  
  - b) Sama gerist á þriðjudögum. Auka tími milli 15.50 og 16.40 úthlutast til handbolta  $\frac{2}{3}$  og körfu  $\frac{1}{3}$ .
  
  - c) Á miðvikudögum gerist það sama en tímar frá 15.50 og 16.40 færast frammar um 10 og 20 mínútur. Handboltinn fær aukalega tíma milli 17.30-18.20.
  
  - d) Á fimmtudögum og föstudögum færast allir tímar aftur um einn og verða í stað 15.50-21.00 frá 16.40-21. Auka tími milli 15.50 og 16.40 úthlutast til handbolta.
  
  - e) Tímatafla myndi þá líta svona út - sjá meðfylgjandi.



Vegna þess að vetrarstarf félagsins er hafið er nauðsynlegt að nefndin taki þetta fyrir sem fyrst. Knattspyrnufélagið Hörður óskar eftir að fá að skýra þessi sjónarmið frekar vilji nefndin það.

Fyrir hönd Knattspyrnufélagsins Harðar,

Vigdís Pála Halldórsdóttir,  
formaður